



FJÖLMIÐLANEFND

Reykjavík 5. desember 2018

Ákvörðun nr. 9/2018

Beiðni Manna í vinnu ehf. um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 vegna umfjöllunar í fréttaskýringarþættinum Kveik, Svarta hliðin á íslenskum vinnumarkaði, sem miðlað var á RÚV þann 2. október 2018, vegna ummæla í yfirlýsingu ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október 2018 og vegna umfjöllunar í Kastljósi, sem miðlað var á RÚV þann 4. október 2018.

I. Málsvik

a. Kvörtun Manna í vinnu ehf. til fjölmiðlanefndar

Þann 15. nóvember 2018 barst fjölmiðlanefnd kvörtun frá einkahlutafélaginu Menn í vinnu ehf. (hér eftir MÍV) Í kvörtuninni kemur fram að efni hennar varði umfjöllun um félagið og stjórnendur þess í fréttaskýringarþættinum Kveik, *Svarta hliðin á íslenskum vinnumarkaði*, sem sýndur var á RÚV þann 2. október 2018, ummæli Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, vegna sömu umfjöllunar í yfirlýsingu sem birt var á vefmiðlinum Vísi 3. október 2018 og ummæli Helga Seljan, fréttamanns Kveiks, sem féllu í Kastljósi á RÚV þann 4. október 2018. Kvörtuninni var beint til fjölmiðlanefndar á grundvelli 26. gr., 36. gr., 50. og 53. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla), auk þess sem fram kom að kvartandi teldi umfjöllun RÚV varða við 27. gr. laga um fjölmiðla.

Í upphafi skal tekið fram að í 36. gr. laga um fjölmiðla, sem erindi MÍV beinist öðrum þræði að, er kveðið á um andvarsrétt aðila vegna umfjöllunar fjölmiðlaveitu og sérstaka heimild fjölmiðlanefndar til þess að bregðast við í tilefni af synjun fjölmiðlaveitu þar að lútandi, sbr. 4. mgr. 36. gr. laganna. Samkvæmt málsgreininni ber fjölmiðlanefnd að taka ákvörðun í málum er varða rétt til andsvara innan viku frá því að fjölmiðlanefnd berst erindi þar að lútandi. Um slík mál gildir þannig sérstök flýtimeðferð sem á ekki við um önnur þeirra ákvæða sem kvörtun MÍV beinist að. Í máli þessu verður því eingöngu fjallað um þann hluta kvörtunar MÍV er varðar rétt félagsins til andsvara á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla. Ákvörðun nefndarinnar tekur þannig hvorki til þess hluta kvörtunar MÍV sem varðar umfjöllun Kveiks og Kastljóss út frá þeim skyldum sem á fjölmiðlum hvíla samkvæmt 26. gr. laga um fjölmiðla né samkvæmt 27. gr. sömu laga um bann við hatursáróðri, sem kvartandi vísar einnig til.



FJÖLMIÐLANEFND

Páttur Kveiks 2. október á RÚV.

Í fréttaskýringarþætti Kveiks, *Svarta hliðin á íslenskum vinnumarkaði*, fjallaði Helgi Seljan fréttamaður um launakjör og bága stöðu erlendra starfsmanna á Íslandi, sér í lagi þeirra sem vinna hjá starfsmannaleigum. Var þar sérstaklega fjallað um starfsmannaleiguna MÍV og rætt við þrjá rúmenska starfsmenn, sem starfað höfðu við byggingarvinnu hér á landi fyrir milligöngu fyrirtækisins. Á meðal þess sem fram kom í þeim hluta þáttarins var að ýmis kostnaður hefði verið dreginn af launum þeirra hjá MÍV, svo sem vegna húsaleigu, þrifa á húsnæði, afnotaréttar af bílaleigubílum og líkamsræktarkorta. Talað var um að starfsreynsla og menntun erlendra starfsmanna MÍV virtist litlu skipta við ákvörðun launa. Fram kom að starfsmenn byggju í ólöglegu íbúðarhúsnæði í Kópavogi, allt að sex saman í herbergi og borguðu fyrir það allt að 80.000 kr. í húsaleigu. Einnig kom fram að starfsmannaleigan leigði þeim bíl sem þeir deildu allt að níu saman og greiddu þeir 10.000 kr. vegna kostnaðar við bílaleigu á mánuði. Þá kom fram að starfsmenn væru sektaðir um allt að 15.000 kr. vaknaði grunur um að þeir hefðu reykt í bílum á vegum starfsmannaleigunnar. Fjallað var um að allir greiddu þeir um 7000 kr. til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort, óháð því hvort þeir nýttu það. Upplýst var að viðmælendur Kveiks væru uggandi um afdrif orlofsgreiðslna sem dregnar væru af launum þeirra og teldu þær jafnvel lagðar inn á mismunandi reikninga milli mánaða. Jafnframt kom fram að starfsmennina grunaði að kostnaður vegna flugfargjalda þeirra hingað til lands hefði verið of hár. Loks var því haldið fram að fyrrverandi stjórnendur starfsmannaleigunnar Verkleigunnar rækju nú starfsmannaleiguna MÍV og að það hafi fyrst verið eftir að eigandi Verkleigunnar hafi rekið stjórnendur, sakað þá um fjárdrátt og að virðisaukaskattur hafi farið í vanskil, sem skattfyrvöld hafi tekið við sér og gripið til aðgerða með þeim afleiðingum að Verkleigan hafi farið í þrot.

Auk framangreinds kom fram í þættinum að nokkrum dögum eftir að Kveikur ræddi fyrst við mennina þrjá hafi tveimur þeirra verið sagt upp störfum hjá MÍV en einn þeirra hafi þegar komist í aðra vinnu. Hafi ástæða uppsagnarinnar að þeirra sögn verið sú að vinnuveitandi þeirra hafi haft pata af samtali þeirra við Kveik. Í kjölfarið hafi þeir leitað til Eflingar, sem hafi nú mál þeirra til skoðunar. Hjá Eflingu hafi þeir fyrir tilviljun hitt fyrir aðra starfsmenn starfsmannaleigunnar í sömu erindum.

Í þætti Kveiks birtist eftirfarandi texti í 15 sekúndur á skjánum, beint á eftir umfjöllun um MÍV, nánar tiltekið á mínútum 17.54-18.09:

Í samtali við Kveik hélt framkvæmdastjóri Menn í vinnu því ítrekað fram að kjör Rúmenanna væru önnur en koma fram á launaseðlum þeirra. Hann taldi ekkert athugasvert við



FJÖLMÍÐLANEFND

kostnaðarfrádrátt eða kjör manna sem væru öll í samræmi við lög og hafnaði því að uppsagnir manna væru vegna viðtals þeirra við Kveik.

Yfirlýsing Þóru Arnórsdóttur ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október.

Þann 3. október birtist yfirlýsing frá Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, á vefmiðlinum Vísi. Yfirlýsingin birtist samhliða yfirlýsingu frá lögmanni MÍV, þar sem fram komu alvarlegar athugasemdir við umfjöllun Kveiks um MÍV. Í yfirlýsingu Þóru Arnórsdóttur sagði meðal annars að staðreyndin væri sú að erlendir starfsmenn MÍV byggju fjölmargir saman í ólöglegu húsnæði í Kópavogi, enda með lögheimili annars staðar. Þeir fengju greiddan lægsta mögulega taxa, 1570 kr. á tímann, sama hvaða menntun þeir hefðu. Eins og sést hefði í þættinum væri stór hluti launa þeirra, sem þar var rætt við, dreginn af þeim í ýmsan kostnað. Skýrt hafi verið tekið fram í umfjölluninni að eigandi Verkleigunnar hefði rekið stjórnendur og starfsmenn Verkleigunnar og stýri þeir starfsmenn og stjórnendur nú MÍV.

Þáttur Kastljóss 4. október á RÚV.

Umræðum í Kastljóspættinum 4. október var stýrt af Helga Seljan fréttamanni og voru gestir þáttarins Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, og Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ. Í þættinum var rætt um viðkvæma stöðu erlends verkafólks á Íslandi og eftirlit með starfsemi starfsmannaleiga. Á meðal þess sem fram kom var að aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar teldi ekki ólöglegt að draga kostnað á borð við húsaleigu, þrif á húsnæði og bílaleigu af launum starfsmanna. Hins vegar teldi stofnunin slíkt fyrirkomulag óeðlilegt og hefði beint þeim tilmælum til starfsmannaleiga að láta af því. Af því tilefni innti þáttastjórnandi aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar eftir því hvort umfjöllun Kveiks um fyrirtækið MÍV, og þeir launaseðlar starfsmanna sem sýndir hefðu verið, yrði tilefni einhverra aðgerða hjá stofnuninni. Svaraði aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar því til að umfjöllun Kveiks hefði þegar leitt til þess að fleiri sem teldu á sér brotið hefðu stigið fram og leitað til stofnunarinnar.

b. Leiðréttingarkrafa MÍV

Þann 8. október sl. krafðist MÍV leiðréttingar á tilteknum atriðum í umfjöllun Kveiks sem rakin eru síðar í ákvörðun þessari. Kröfunni var beint til fréttastofu RÚV og Siðanefndar Bláamannafélags Íslands vegna meintra brota ritstjórnar Kveiks: Þóru Arnórsdóttur, Ingólfs Bjarna Sigfússonar, Helga Seljan, Sigríðar Halldórsdóttur og Láru Ómarsdóttur. Kom þar fram að kærð væri umfjöllun um MÍV í fréttaskýringarþættinum Kveik og að krafist væri



FJÖLMÍÐLANEFND

leiðréttingar rúmlega níu atriða sem rakin voru á síðum 8-19 í kvörtuninni. Þá var lögð fram kára á hendur Helga Seljan og umsjónarmönnum Kastljóss, þeim Einari Þorsteinssyni og Sigríði Hagalín Björnsdóttur, vegna ummæla Helga Seljan í þætti Kastljóss þann 4. október 2018.

Jafnframt var sett fram almenn krafa af hálfu MÍV um skriflega afsökunarbeiðni og munnlega yfirlýsingu með leiðréttingum í Kastljósi og kvöldfréttum RÚV, auk kröfu um að öll umfjöllun um MÍV yrði tekin af vef RÚV, ásamt þeirri umfjöllun Kveiks í heild sinni sem hafi varðað MÍV. Loks krafðist MÍV skriflegrar og munnlegrar afsökunarbeiðni frá Þóru Arnórsdóttur og Helga Seljan gagnvart MÍV, eiganda fyrirtækisins og öðru starfsfólki í næsta þætti Kveiks. Fram kom í kröfu MÍV að yrðu framangreindar afsökunarbeiðnir ekki inntar af hendi myndi MÍV senda öllum helstu miðlum landsins tilkynningu þess efnis, ásamt öllum sönnunum sem sýni fram á rögburð RÚV.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

a. Frekari gögn frá MÍV

Fjölmiðlanefnd taldi ekki með öllu skýrt hvaða leiðréttingum MÍV hefði viljað koma á framfæri hjá RÚV. Var því óskað eftir afriti af erindi MÍV til RÚV með símtali þann 20. nóvember 2018. Afrit af kvörtun MÍV til Blaðamannafélags Íslands og RÚV barst frá MÍV með tölvupósti sama dag, ásamt svörum Ríkisútvarpsins við beiðni MÍV um að koma sjónarmiðum fyrirtækisins á framfæri.

Samkvæmt þeim gögnum sem MÍV lagði fram til fjölmiðlanefndar var beiðni MÍV um andsvar beint til RÚV 8. október 2018 af Halldóri Heiðari Hallssyni lögmanni f.h. MÍV. Beiðnin var ítrekuð með tölvupósti næsta dag.

Með tölvupósti, dags. 9. október 2018, staðfesti Þóra Arnórsdóttir móttöku erindis MÍV og sagði jafnframt að skjalið væri mikið að vöxtum og tímafrekt að fara í gegnum allt sem þar kæmi fram. Jafnframt kom fram að lögfræðingur RÚV væri að fara í gegnum það.

Synjun Ríkisútvarpsins á rétti til andsvara barst kvartanda með tvennum hætti:

- i. Þann 10. október 2018 með tölvupósti Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, þar sem fram kemur að Kveikur sjái ekki ástæðu til að bregðast við með þeim hætti sem krafist sé í kvörtun, dags. 8. október. Kveikur/RÚV telji umfjöllunarefnið eiga erindi við almenning og að öll vinnsla hafi verið í samræmi við þær kröfur sem gera megir til blaðamanna. Í bréfi MÍV ægi aukinheldur saman ósannindum, rógi og hreinum dylgjum í garð umsjónarmanna Kveiks og ekki síður fyrrum starfsmanna MÍV.



FJÖLMÍÐLANEFND

- ii. Þann 29. október 2018 með formlegu bréfi Margrétar Magnúsdóttir, skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins, þar sem segir að fyrst málinu hafi formlega verið beint til Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands muni RÚV, ásamt þeim starfsmönnum sem í hlut eiga, a.m.k. fyrst um sinn, svara fyrir málið á þeim vettvangi.

Ekki var vísað með beinum hætti til 36. gr. laga um fjölmiðla í svörum Ríkisútvarpsins þann 10. október eða 29. október.

Svar ritstjóra Kveiks frá 10. október barst tveimur dögum eftir að beiðni um andsvör var sett fram af hálfu MÍV og telst Ríkisútvarpið því hafa uppfyllt þær kröfur sem fram koma í 3. mgr. 36. gr. um að synjun skv. 2. mgr. skuli tilkynnt hlutaðeigandi innan þriggja sólarhringa frá því beiðni um andsvar er sett fram.

Formleg kæra MÍV til Siðanefndar RÚV og Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands, var send með tölvupósti 24. október 2018. Kvörtun MÍV til fjölmiðlanefndar vegna synjunar Ríkisútvarpsins á rétti MÍV til andsvars barst nefndinni 15. nóvember 2018 en síðustu fylgigögn með kvörtuninni bárust nefndinni frá lögmanni MÍV 20. sama mánaðar.

b. Sjóarmið RÚV og MÍV

Með tölvubrési fjölmiðlanefndar, dags. 19. nóvember 2018, óskaði nefndin eftir sjónarmiðum RÚV vegna beiðni MÍV um rétt til andsvara og bárust þau, ásamt fylgigögnum, með bréfi, dags. 21. sama mánaðar.

Í svari RÚV er vakin athygli á því skilyrði 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla, að andsvör skuli birt eða miðlað þegar eftir að rök hafi verið færð fyrir beiðni þar um. Umfjöllunarefni umrædds þáttar hafi lotið að aðbúnaði og aðstæðum erlends vinnuafns á Íslandi. Tekin hafi verið viðtöl við tiltekna einstaklinga, þ. á m. einstaklinga sem tengdust fyrirtæki kvartanda. Þessir einstaklingar hafi lýst því sjónarmiði að réttindi þeirra væru fótum troðin, eins og efni þáttarins beri með sér. Í tengslum við gerð þáttarins hafi verið leitað afstöðu aðila tengdum kvartanda til umfjöllunarefnisins, sbr. meðfylgjandi atvikalýsingu Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks og Helga Seljan, fréttamanns Kveiks, sem hafi unnið umrædda frétt. Aðrir kærðu, hver um sig og saman, taki undir það sem þar greini. Skilmerkilega hafi komið fram í þættinum að kvartandi telji umræddar ávirðingar ekki eiga við rök að styðjast.

Að því frágengnu sagði RÚV í svörum sínum að því fari fjarri að ráða mætti af kvörtuninni á hvaða forsendum hún beindist að sumum hinna kærðu en Helgi Seljan hafi haft með höndum þá frétt sem um ræði, þ. á m. heimildaöflun og framsetningu henni tengdri. Þóra Arnórsdóttir beri ritstjórnarlega ábyrgð og hafi jafnframt tjáð sig um fréttæfnið eftir því sem nauðsynlegt hafi þótt, þ.m.t. til að svara dylgjum í garð RÚV og einstakra fréttamanna.



FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til framangreinds teldi RÚV að ekki yrði séð að nein skylda hvíldi á RÚV til að veita kvartanda frekari rétt til andsvara, hvað þá í því formi og umfangi sem hann virtist hafa hugsað sér, en kvörtunin spanni fjölmargar blaðsíður. Hafi heldur ekki verið færð haldbær rök fyrir því. Raunar hafi engri beiðni verið beint til RÚV, heldur því einfaldlega haldið fram að réttur kvartanda samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla hafi verið brotinn við gerð þáttarins sem slíks en ekki eftir hann.

Loks sagði í svörum Ríkisútvarpsins að fyrir liggi einfaldlega að kvartandi sé ósammála umfjölluninni í veigamiklum atriðum og hafi því sjónarmiði hans þegar verið komið skýrlega á framfæri. Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla standi ekki til þess að aðilar eigi rétt á tjáningu í fjölmiðli með þeim hætti sem kvartandi virðist telja, enda sé búið að greina skilmerkilega frá því að hann telji ávirðingar í hans garð ekki raunveruleikanum samkvæmar.

Með svörum RÚV barst fjölmiðlanefnd jafnframt atvikalýsing og sjónarmið Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks og Helga Seljan, fréttamanns Kveiks. Þar er öllum kröfum MÍV og fullyrðingum fyrirtækisins hafnað með öllu. Fram kemur að þótt umfjöllun Kveiks hafi byggt á viðtölum við þrjá starfsmenn, hafi við gerð þáttarins verið rætt við fleiri starfsmenn sem starfi á vegum fyrirtækisins.

Hér á eftir fara þær staðhæfingar í umfjöllun Kveiks og Kastljóss sem krafa MÍV um leiðréttingu lýtur að samkvæmt kvörtun fyrirtækisins til fjölmiðlanefndar. Eru staðhæfingarnar númeraðar með sama hætti og gert er í kvörtuninni. Þá eru þær leiðréttingar og/eða sjónarmið MÍV sem tilgreind eru í kvörtun fyrirtækisins til nefndarinnar tiltekin sem og athugasemdir ritstjóra og fréttamanns Kveiks við hverja þeirra fyrir sig. Tekið skal fram að bæði leiðréttingar og/eða sjónarmið MÍV og athugasemdir ritstjóra og fréttamanns Kveiks vegna hvernar staðhæfingar hafa verið styttaðar verulega:

Ummæli í Kveik 2. október 2018

1. „Rúmenarnir [A], [B] og [C] hafa síðustu mánuði starfað í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu, sinnt gluggaskiptum á Landspítalanum og unnið við byggingarsvæði hjá Smáralind“

Í athugasemdum MÍV segir að rangt sé að umræddir menn hafi unnið umrædd störf á síðustu mánuðum. Þeir hafi einungis unnið í 3-4 daga við Smáralind og 2-5 daga hjá Landspítalanum og hafi þeim verið sagt upp störfum á báðum stöðum vegna vankunnáttu og reykinga á vinnustað, en reykingar séu bannaðar í nágrenni Landspítalans. Um sé að ræða aðila sem séu í mikilli áfengisneyslu, mæti illa í vinnu, séu illa liðnir alls staðar og hafi enga verkkunnáttu.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir að óumdeilt sé að mennirnir hafi starfað á þessum vinnustöðum. Fullyrðingar um meinta hegðun manna þar komi því ekki við og



FJÖLMÍÐLANEFND

mennirnir sjálfir kannist ekki við þær lýsingar. Mennirnir segi það alrangt að þeir hafi starfað þar í 3-4 daga, heldur hafi þeir starfað þar í nokkrar vikur, og geti staðfest það.

2. „*Þeir búa allt að sex saman í herbergi ...*“

Í athugasemd MÍV segir m.a. að rangt sé að sex starfsmenn búi nokkurs staðar saman í herbergi. Um 80% starfsmanna búi í einstaklings eða tveggja manna herbergjum. Þrjú herbergi séu fjögurra manna og þar búi oftast vinahópar, sem velji það sjálfir til að draga úr kostnaði. Ekki eru lögð fram gögn þessu til staðfestingar af hálfu MÍV.

Í athugasemd fréttamanns Kveiks við framangreint er þessu tiltekna atriði ekki svarað sérstaklega, að öðru leyti en því að fréttamaður hafi aldrei farið inn í húsnæðið að beiðni starfsmanna sem hafi óttast yfirboðara sína. Myndbönd starfsmanna sýni hins vegar húsnæðið. Umfjöllunin hafi byggt á launaseðlum starfsmanna og viðtölum við þrjá starfsmenn, auk samtala við fleiri.

„*og fyrir þetta borgar hver og einn hátt í 80.000 krónur á mánuði til starfsmannaleigunnar...*“

MÍV segir það rangt að starfsmenn borgi hátt í 80.000 kr. í húsaleigu. Samkvæmt launaseðlum tveggja viðmælenda Kveiks borgi þeir 60.000 kr. í leigu og innifalið í henni sé hiti, rafmagn og internet. Þriðji viðmælandinn borgi 65.000 kr. í leigu eins og sjáist á launaseðli hans. Meðalleigukostnaður starfsmanna vegna húsaleigu sé 48.280 kr. og sé enginn starfsmaður skyldugur til að búa í húsnæði á vegum fyrirtækisins. Um þetta vísar MÍV til launaseðla viðkomandi starfsmanna sem fylgdu kvörtun fyrirtækisins til fjölmiðlanefndar.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir að því hafi aldrei verið haldið fram af hálfu Kveiks að starfsmenn væru neyddir til að greiða fyrir húsnæði eða bíl. Af rúmlega tíu launaseðlum mismunandi starfsmanna sem Kveikur hafi rætt við í tengslum við gerð þáttarins sé hvergi að finna dæmi um leigugreiðslur í takti við fullyrðingar í kvörtun MÍV. Húsaleiga sé ekki eini kostnaðarliðurinn sem menn greiði fyrir vist í ólöglegu húsnæði starfsmannaleigunnar í Hjallabrekku í Kópavogi, heldur greiði þeir líka 2500 kr. á mánuði fyrir þrif. Um þetta vísar Kveikur til auglýsinga MÍV sem birst hafi í Rúmeníu, þar sem upplýst er að húsaleiga sé 450-650 evrur (um 63.000-91.000 kr.), auk gjalds vegna þrifa, sem sé 20-30 evrur (um 2800-4200 kr.). Þá vísar Kveikur til afrits sem virðist vera af launaseðli eins starfsmanns, þar sem segir m.a. að húsaleiga sé 70.000 kr. og gjald fyrir þrif 3500 kr. Kveikur tekur fram að fjöldi starfsmanna hafi vitnað um að menn hafi greitt tugi þúsunda fyrir að liggja á dýnum á gólfinu í herbergjum, ásamt allt að fimm öðrum. Myndbönd sem starfsmenn hafi tekið sjálfir úr húsnæðinu sýni aðstæðurnar vel.



FJÖLMÍÐLANEFND

„sem leigir þeim sömuleiðis bíl sem þeir deila allt að níu saman og eru rukkaðir fyrir 10.000 krónur hver.“

Samkvæmt athugasemdum MÍV er það rangt að níu manns deili einum bíl. MÍV sé með einn sjö manna bíl og einn átta manna bíl á sínum snærum og séu sjö starfsmenn skráðir á hvorum bíl. Algengast sé að þrír til fjórir menn deili með sér aðgengi að fimm manna bifreið. Ekki eru lögð fram gögn þessu til staðfestingar af hálfu MÍV.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir að því hafi aldrei verið haldið fram af hálfu Kveiks að starfsmenn væru neyddir til að greiða fyrir húsnæði eða bíl, sbr. framangreint. Frásögn Kveiks af þeim kjörum sem MÍV bjóði starfsfólki varðandi bílaafnot sé byggð á samningum MÍV, þar sem þessi kjör komi skýrt fram. Um það þurfi ekki að deila. Um þetta vísar Kveikur til afrits af bílaleigusamningi starfsmanns við MÍV, þar sem fram kemur að starfsmaðurinn skuldbindi sig til að leigja bíl til að komast til og frá vinnu við upphaf starfstíma síns og að verð fyrir bíl, sem 3-5 manns leigi saman, sé 10.000 kr. á mann. Samþykki starfsmaðurinn að gjaldið sé dregið af launum hans af hálfu MÍV.

3. *„Allir greiða þeir svo um 7.000 krónur til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort óháð því hvort þeir nýti það.“*

MÍV segir það rangt að allir starfsmenn greiði fyrir líkamsræktarkort. Einungis þeir starfsmenn sem óski eftir líkamsræktarkorti greiði fyrir slík kort og hafi MÍV náð samningi við World Class um 40% afslátt af mánaðarkortum. Af launaseðlum viðmælenda Kveiks megi ráða að þeir greiði ekki allir fyrir slíkan aðgang. Um þetta vísar MÍV til afrits af samskiptum við viðmælenda Kveiks, þar sem hann óskar eftir því að endurnýja áskriftarkort sitt í líkamsrækt til eins mánaðar í viðbót. Einnig er vísað til afrits af samskiptum MÍV við Helga Seljan, þar sem spurningu hans varðandi líkamsræktarkort starfsmanna er svarað á þá leið að einungis þeir starfsmenn MÍV sem óski eftir líkamsræktarkorti fari á samning við World Class og að í síðasta mánuði hefðu níu starfsmenn verið með slíka áskrift. Að sögn MÍV fóru þessi samskipti við fréttamann Kveiks fram 3. október sl., daginn eftir sýningu þáttarins Kveiks en daginn fyrir framangreindan Kastljóspátt, en enga dagsetningu er að sjá á afritinu í fylgigögnum kvörtunar fyrirtækisins til fjölmiðlanefndar.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum MÍV, sem Kveikur hafi rætt við, þurfi þeir að óska sérstaklega eftir því að þiggja *ekki* tilboð World Class þegar þeir hefji störf. Það hvort einhverjir starfsmenn hafi ákveðið að endurnýja tilboðið sé annað mál. Starfsmennirnir segi að líkamsræktarkortin séu kynnt þeim sem sérstakt tilboð, tugum prósentum lægra en almennt bjóðist, 6900 kr. á mánuði, þegar raunin sé sú að árskort með tveggja mánaða bindingu sé á sama mánaðarverði og það sem MÍV bjóði starfsmönnum sínum.



FJÖLMIÐLANEFND

4. „*Menn í vinnu sektar starfsfólk allt að 15.000 krónur vakni grunur um að þeir hafi reykt í bílum starfsmannaleigunnar.*“

Í athugasemd MÍV er því haldið fram að framangreind staðhæfing sé röng. Hið rétta sé að í rekstrarsögu MÍV hafi tveir starfsmenn verið sektaðir vegna reykinga í bifreið á vegum MÍV, á grundvelli samnings þar um. MÍV þurfi að greiða sektir til bílaleigu vegna reykinga, ásamt djúphreinsun á viðkomandi bifreiðum. Sé sektin einungis lítil hluti af þeim heildarkostnaði sem falli á MÍV vegna reykinga starfsmanna í bifreiðum.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint er vísað til þess að 15.000 kr. sekt hafi verið dregin af launum starfsmanns samkvæmt launaseðli hans og sé því erfitt að sjá hvað sé rangt við framangreinda staðhæfingu.

5. „*Þá grunar einnig að fluggjaldið sem þeir endurgreiða vinnuveitanda sínum sé ofrukkað.*“

Í athugasemd MÍV segir að þetta sé rangt og hafi ekki verið staðreynt af hálfu Kveiks. Hið rétta í málinu sé að viðmælandi Kveiks, sem lýsir því sjónarmiði í þættinum að kostnaður vegna flugmiða sé óeðlilega hár, hafi fengið upplýsingar um verð flugs áður en flugmiðinn var keyptur og hafi verðið ráðist af því að hann vildi koma til landsins með félögum sínum á tilteknum degi. Um þetta vísar MÍV til afrits af samskiptum við viðkomandi starfsmann í fylgigögnum kvörtunar fyrirtækisins til fjölmiðlanefndar. Þá vísar MÍV til þess að allir flugmiðar séu greiddir með VISA-korti MÍV og komi kostnaður hvers og eins flugmiða skýrt fram á kortayfirliti. Það sé sú fjárhæð sem viðkomandi starfsmaður sé rukkaður um og engu gjaldi, kostnaði eða vöxtum sé bætt við þá fjárhæð. Ekki eru lögð fram gögn þessu síðastnefnda til staðfestingar af hálfu MÍV.

Í athugasemd Kveiks við framangreint segir að umrædd yfirlýsing sé einfaldlega byggð á frásögn starfsmannanna sjálfra og athugun þeirra á kostnaði við flug á sama tíma, sem hafi verið talsvert undir þeirri fjárhæð sem þeir greiddu. Engin gögn hafi borist frá MÍV sem afsannað hafi þennan grun starfsmanna.

6. „*Eins virðist málum blandið um afdrif orlofs sem dregið er af þeim og jafnvel lagt inn á mismunandi reikninga milli mánaða.*“

MÍV segir þetta rangt. Orlof sé alltaf greitt inn á launareikning starfsmanns og sé hann tekinn fram á launaseðlinum samhliða orlofi. Aldrei sé lagt inn á mismunandi reikninga. Að mati MÍV sé nauðsynlegt að endurskoða orlofsgreiðslur þar sem miklar breytingar hafi orðið á íslenskum vinnumarkaði og ætti orlof ávallt að greiðast út samhliða launum þegar um farandverkamenn sé að ræða. Að leggja orlofsgreiðslur inn á lokaðan reikning þar sem starfsmaður þurfi að fá uppáskrifað blað frá MÍV til að mega taka út sín eigin laun sé í dag úrelt og hreinlega fáránlegt.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint er á það bent að samkvæmt launaseðlum [A] frá MÍV, sem Kveikur leggur fram sem fylgigögn með kvörtun fyrirtækisins til nefndarinnar, sé



FJÖLMÍÐLANEFND

orlof hans ekki lagt inn á sömu orlofsreikninga, og raunar ekki í sömu banka, milli mánaða. Á launaseðli, dags. 31.07.2018, sé orlof lagt inn á orlofsreikning nr. 0370-26-4xxx. Á launaseðli, dags. 31.08.2018, sé orlof lagt inn á orlofsreikning nr. 0101-26-01xxxx. Þá hafi allir starfsmenn MÍV, sem Kveikur hafi rætt við, lýst áhyggjum af orlofsgreiðslum til sín og geri enn.

7. „Starfsreynsla og menntun þeirra virðist litlu skipta.“

Í athugasemdum MÍV segir að einungis 10% starfsfólks MÍV séu með 1.571 kr. á tímann, sem séu byrjunarlaun samkvæmt taxa Eflingar eftir eitt ár í vinnu, enda hafi þeir starfsmenn nýlega hafið störf og hafi litla starfsreynslu. Menntunarstig og kröfur í Rúmeníu séu ólíkar því sem tíðkist hér á landi og einungis tveir núverandi starfsmanna MÍV geti talist með starfstengda menntun eða réttindi. Aðrir séu laghentir eða með sambærilega menntun. Séu viðkomandi hæfir og duglegir hækki laun þeirra. Þessu til sönnunar segist MÍV geta framvísað fjölda launaseðla en fréttamaður Kveiks hafi hafnað því að fá þá afhenta.

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir að af öllum þeim launaseðlum sem Kveikur hafi séð og af samtölum við starfsmenn MÍV hafi Kveikur ekki eitt einasta dæmi þess að starfsmenn séu á hærri launum en 1600 kr. á tímann, jafnvel þótt um iðnaðarmenn sé að ræða. Fréttamaður Kveiks kannist ekki við að hafa verið boðnir launaseðlar öðru til staðfestingar. Ummæli MÍV um að einungis tveir starfsmenn „geti talist með starfstengda menntun eða réttindi“ segi einfaldlega allt um það hvernig litið sé á starfsreynslu og menntun manna. Í umræddri umfjöllun Kveiks hafi framkvæmdastjóri Samiðnar vísað sérstaklega til þess að samkvæmt Evrópureglum beri að túlka starfsnám vítt og samkvæmt skilyrðum heimalands viðkomandi. Á því væri hins vegar verulegur misbrestur hér á landi.

8. „Fyrst eftir að eigandi Verkleigunnar rak stjórnendur og sakaði um fjárdrátt og virðisaukaskattur fór í vanskil tóku yfirvöld við sér. Skatturinn greip til aðgerða og félagið fór í þrot.“

9. „Fyrirverandi stjórnendur Verkleigunnar reka nú áðurnefnda starfsmannaleigu Menn í vinnu.“

Í kvörtun sinni segir MÍV þetta rangt. Rétt sé að eigandi Verkleigunnar hafi rekið skrifstofustarfsmenn, ekki stjórnendur, þegar þeir starfsmenn hafi neitað að senda inn ranga virðisaukaskattskýrslu að beiðni eigandans. Í kjölfarið hafi hluti þeirra starfsmanna farið með gögn til Ríkisskattstjóra og hafi skattrannsóknarstjóri hafið rannsókn á fjárreiðum Verkleigunnar í kjölfarið. Sé það mál enn í gangi gegn eiganda Verkleigunnar. Þá komi enginn stjórnandi Verkleigunnar að rekstri MÍV í dag. Eigandi MÍV hafi aldrei verið í stjórn Verkleigunnar, hafi aldrei verið með prókúru fyrir Verkleiguna eða haft nokkurt vald til að skuldbinda félagið á nokkurn hátt. Viðkomandi hafi starfað við reiknings- og launaútreikninga fyrir Verkleiguna.



FJÖLMÍÐLANEFND

Í athugasemdum Kveiks við framangreint segir á móti að ekkert sé rangt við framangreindar lýsingar í þætti Kveiks. Eigandi Verkleigunnar, sem nú sæti skattrannsókn, hafi kært núverandi forsvarsmenn MÍV til lögreglu fyrir fjársvik og fleira. Gögn sem Kveikur hafi undir höndum sýni svo ekki verði um villst m.a. að starfsfólk sem sinnti daglegum rekstri Verkleigunnar í umboði eigandans hafi hafið undirbúning að stofnun nýrrar starfsmannaleigu mánuði áður en fyrirvaralausar uppsagnir þeirra tóku gildi. Jafnframt beri gögn með sér að fjármunir Verkleigunnar hafi verið notaðir til að greiða fyrir atvinnuhúsnæði við Hjallabrekku sem síðan hafi verið ólöglega nýtt sem atvinnuhúsnæði undir starfsmenn MÍV. [HRB], sem verið hafi fyrirvarsmanneskja beggja fyrirtækja, hafi auk þess haldið því fram í kröfum sínum við eiganda Verkleigunnar að hún ætti helming í fyrirtækinu og hafi séð alfarið um rekstur þess. Um þetta vísar Kveikur m.a. til afrits af óundirrituðu leigutilboði í skrifstofuhúsnæði að Hjallabrekku í Kópavogi, dags. 10. ágúst 2017, þar sem í reitinn tilboðsgjafi / leigutaki er ritað nafn fyrrgreinds starfsmanns og fyrirtækis: „[HR]/Verkleigan – Verður sett á nýtt fyrirtæki Verk1 ehf.“ Afrit af tilboðinu fylgdi bréfi Kveiks til fjölmíðlanefndar.

Ummæli í yfirlýsingu Þóru Arnórsdóttur á Vísí 3. október 2018

10. „Þeir fá greiddan lægsta mögulega taxta, 1.570 krónur á tímann, sama hvaða menntun þeir hafa

Í athugasemdum MÍV við 10. tölulið kemur aftur fram að um 10% starfsmanna MÍV séu með 1.571 kr. á tímann í dagvinu, sem séu byrjunarlaun stéttarfélagssins Eflingar eftir eitt ár í vinnu. Skýrt komi fram á launaseðlum MÍV að ekki séu allir starfsmenn á áðurnefndum byrjunarlaunum. Hafi fréttamanni Kveiks verið boðið að sjá alla launaseðla starfsmanna, sem hann hafi afþakkað. Þá er því haldið fram í athugasemdum MÍV að viðmælendur Kveiks hafi starfað fyrir fyrirtækið í um sex vikur og hafi á þeim tíma verið reknir frá fjórum mismunandi verktökum. Um sé að ræða aðila sem séu í mikilli áfengisneyslu, mæti illa í vinnu, séu illa liðnir alls staðar og hafi enga verkkunnáttu.

Um athugasemdir Kveiks að þessu leyti vísast til 7. töluliðar hér að ofan.

Í kvörtun MÍV kemur enn fremur fram að fréttamaður Kveiks hafi hringt í starfsmann MÍV viku fyrir miðlun þáttarins þann 2. október 2018 en samkvæmt viðtali við Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, hafi umræddur þáttur verið heilt ár í undirbúningi. Að mati MÍV sé líklegt að vinnu við þáttinn í heild sinni hafi verið lokið á þeim tíma sem fréttamaður hafi haft samband við fyrirtækið.



FJÖLMIÐLANEFND

Af hálfu Kveiks er á hinn bóginn bent á að umræddur þáttur hafi eðli málsins samkvæmt ekki verið árgamall. Vangaveltur um þetta atriði séu því annað hvort misskilningur eða vísvitandi blekkingar MÍV. Í löngu samtali við talsmann og stjórnanda hjá MÍV átta dögum fyrir útsendingu þáttarins hafi viðkomandi aðili ítrekað gert tilraun til að rengja þau gögn sem Kveikur hafði undir höndum. Þá hafði aðilinn sótt það stíft að gera Kveik tilboð sem hafi falið í sér aðgang að rannsóknargögnum varðandi gjaldþrot fyrirtækisins Verkleigunnar, gegn því að hætt yrði við umfjöllun Kveiks um MÍV. Þá hafi annar starfsmaður MÍV, sem samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo sé einnig skráður eigandi félagsins, hringt í blaðamann Kveiks fjórum dögum fyrir sýningu þáttarins með sama erindi; að reyna að hafa áhrif á umfjöllun um fyrirtæki sitt með tilboði um aðgang að rannsóknargögnum sem sneru að gjaldþroti Verkleigunnar. Í athugasemdum Kveiks segir um þetta að Kveikur geti ekki gert slíka samninga og vilji það ekki. Það væri einfaldlega óábyrgt og ósiðlegt. Í því ljósi verði að skoða fullyrðingar lögmanns fyrirtækisins um ítrekaðar beiðnir um samtöl eftir samtalið átta dögum fyrir þátt, þar sem bornar hafi verið undir fyrirtækið frásagnir fyrrum starfsmanna þess og gögn sem síðar hafi birst í þættinum. Svörum MÍV í umræddu símtali hafi verið gerð skil. Um það þurfi ekki að deila.

MÍV mótmælir einnig umfjöllun Kveiks um uppsagnir manna og kveður uppsagnirnar ekki tengjast samtali þeirra við fréttamann Kveiks, líkt og látið sé að liggja í þættinum. Umræddir aðilar hafi verið í hefndarhug og vondri trú þegar þeir hafi rætt við fréttamann, enda hafi þeir gert sér grein fyrir því að þeir væru vegna eigin hátternis og framkomu um það bil að fara að missa starf sitt fyrir MÍV.

Ummæli í Kastljósi 4. október 2018.

MÍV gerir einnig athugasemdir við umfjöllun Kastljóss 4. október 2018, þar sem sömu málefni og í Kveikspættinum voru til umfjöllunar. Á vef RÚV kemur fram að umsjónarmenn Kastljóss séu Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir, en umræðum í þættinum 4. október var hins vegar stýrt af Helga Seljan fréttamanni og voru gestir þáttarins Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnuálastofnunar, og Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Samkvæmt kvörtun MÍV til nefndarinnar virðist kvartandi aðallega gera þær athugasemdir við umfjöllun Kastljóss að þar hafi þáttastjórnandi haldið því fram gegn betri vitund að gjald fyrir líkamsræktarkort væru sjálfkrafa dregin af öllum starfsmönnum fyrirtækisins. Hafi MÍV komið upplýsingum um hið gagnstæða til þáttastjórnanda daginn fyrir umræddan Kastljóspátt. Um það vísar MÍV til afrits af ódagsettum samskiptum við þáttastjórnanda á tilgreindum samfélagsmiðli.

Samkvæmt myndbandsupptöku af Kastljóspættinum frá 4. október talaði þáttastjórnandi ekki sjálfur um kostnaðargreiðslur vegna líkamsræktarkorta í þættinum, heldur aðstoðarforstjóri



FJÖLMÍÐLANEFND

Vinnumálastofnunar. Í ummælum aðstoðarforstjórans var ekki vísað með beinum hætti til kvartanda eða annarra tiltekinna fyrirtækja, auk þess sem ekki var fullyrt að allir starfsmenn greiddu sjálfkrafa umræddan kostnað, sbr. eftirfarandi samræður þáttastjórnanda og aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar.

Þáttastjórnandi (á mínútu 9:33): „En þetta ákvæði sem við vísuðum aðeins til í þættinum varðandi þessar kostnaðargreiðslur? Sko, menn eru að greiða fyrir húsaleigu, hún er oft mjög há og þeir búa í ósamþykktu húsnæði, menn eru að greiða fyrir bíl, menn eru að greiða fyrir ... ja, hreingerningu og eitthvað svona.“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Vinnugalla, hreingerningu, líkamsrækt sem þeir nota ekki.“

Þáttastjórnandi: „Er það löglegt?“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Auðvitað ekki.“

Þá segir í kvörtun MÍV að „eigandi MÍV hafi verið þjófkenndur og uppnefndur kennitöluflassari, bæði í umfjöllun Kveiks og Kastljóss. Virðist kvartandi þar vera að vísa til eftirfarandi ummæla aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ á mínútu 13:30 en þar er þó ekki vísað með beinum hætti til MÍV:

„Eins og kom fram í þættinum. Það voru nefnd þarna tvö fyrirtæki sem klárlega voru bara í kennitöluflasski. Þegar í óefni var komið þá bara skildu þau skuldirnar eftir gagnvart starfsmönnum og hinu opinbera og byrjuðu síðan upp á nýtt.“

Samkvæmt myndbandsupptöku af Kastljóspættinum var kvartandi, fyrirtækið MÍV, einu sinni nefnt á nafn af stjórnanda þáttarins, nánar tiltekið á mínútu 11.53, og þá í tengslum við kostnaðargreiðslur sem dregnar hafa verið af launum starfsmanna MÍV, sbr. eftirfarandi samtal þáttastjórnanda og aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar:

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar (á mínútu 11.04): „Húsaleigureikningar og samningur um húsaleigu, það er ekki ólöglegt, því miður.“

Þáttastjórnandi: „En hinar kostnaðargreiðslurnar sem við sýndum? Eru þær ólöglegar?“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Það er ekkert ólöglegt. Það stendur hvergi og við teljum þetta bara vera mjög óeðlilegt.“

Þáttastjórnandi: „En bílaleigan og allt þetta. Er það ólöglegt?“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Ja, þú, þetta er ekkert ólöglegt. Þú verður að sýna fram á það fyrir dómi að þetta sé eins konar misneyting og að það sé verið að stela af laununum þínum. Þetta er ekki „per se“ í neinum lögum að þetta sé ólöglegt. Það er bara þannig ...“

Þáttastjórnandi: „En það er bannað að láta fólk borga fyrir vinnu...“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „...og við höfum lagt dagsektir á fyrirtæki, starfsmannaleigur, af því að þær fóru ekki að tilmælum okkar um að taka þetta út og hætta þessu. Og við höfum krafist launaseðla ...“



FJÖLMIÐLANEFND

Páttastjórnandi: „Þess vegna er ég að spyrja þig um þetta tiltekna dæmi Unnur, verður það tilefni til einhverra aðgerða? Varðandi þessa launaseðla sem við sýndum og þetta tiltekna fyrirtæki þarna, Menn í vinnu.“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Já, heyrðu það er nú einn kosturinn. Við fögnum þessari umræðu. Þetta er mjög viðfeðmt vandamál. Okkar hlutverk er afmarkað. Eins og þið komuð að hérna áðan. Stéttarfélagin hafa hlutverk, við höfum hlutverk, Vinnueftirlitið hefur hlutverk. Allir þurfa að taka saman höndum og reyna að koma böndum á þetta. Og þessi þáttur hafði það til dæmis í för með sér, sem við erum mjög ánægð með, að það eru þrír sem hafa leitað til okkar bara í gær og eru tilbúnir að leggja launaseðlana á borðið og þessi ömurlegu kjör. Málið er að safna þessara sönnunargagna vegna þess að þetta fólk veit það að ef við stoppum fyrirtækið, yfirvöld, þá eru þeir atvinnulausir, þeir eru húsnæðislausir og eiga kannski ekki einu sinni pening fyrir farinu heim. Þetta er ömurleg staða sem er blettur á íslensku samfélagi. Við getum svo sannarlega tekið undir það.“

Í athugasemd Helga Seljan, fréttamanns Kveiks, um meintar rangar staðhæfingar í Kastljósi, segir: „Varðandi það að ég hafi sakað fyrirtækið um lögbrot í viðtali við forstjóra Vinnumálastofnunar í Kastljósinu er það líka haugalygi. Ástæðan fyrir því að ég gekk eftir því við staðgengil forstjóra VMST hvort það væri lögbrot að rukka starfsmenn um kostnað, eins og bíla eða ferðir til og frá vinnu, var ég þar einfaldlega að byggja á svari VMST til mín í tölvupósti nokkrum dögum fyrr.“ Um þetta vísar Helgi til afrits af svari Vinnumálastofnunar við spurningu Kveiks í fylgigögnum með athugasemdum RÚV. Spurning hans hafi verið sú hvort stofnunin hefði einhvern tíma látið reyna á það hvort 5. gr. [laga um starfsmannaleigur nr. 139/2005] um óheimila gjaldtöku næði yfir „þessar greiðslur starfsmanna til vinnuveitenda sinna (starfsmannaleiganna) og virðast í mörgum tilfellum ógagnsæjar og oftast í engu samhengi við raunkostnað?“ Í svari Vinnumálastofnunar segir m.a. að stofnunin hafi einungis samþykkt að starfsmenn taki þátt í ferðakostnaði sínum til og frá landinu og í kostnaði vegna húsaleigu. Allar aðrar greiðslur hafi verið metna óheimilar „samkvæmt þessu ákvæði“.

III. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:



FJÖLMIÐLANEFND

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðrétta staðreyndir málsins.
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni.
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.
- d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Í ákvæði 36. gr. kemur jafnframt fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar, þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um fjölmiðla. Á hinn bóginn er ljóst að rétturinn er háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá leiðir af a- og b- lið ákvæðisins að fjölmiðlaveitu er heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Eins og fram kemur í skýringum við 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla eru með þessu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Því sé ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallar um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB. Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu, sbr. m-lið 1. mgr. 54. og 56. gr. laga um fjölmiðla, auk þess sem fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 36. gr. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar, sbr. 5. mgr. 54. gr. laganna.



FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna.

IV. Niðurstaða

Réttur til andsvara samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur líkt og fyrr greinir að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Að baki ákvæðinu búa þau grunnrök að aðili, sem fjallað er um í fjölmiðli, fái komið að sjónarmiðum sínum og eigi rétt til andsvara telji hann að á honum hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Eins og ráða má af ákvæðinu lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað. Við matið kann þó að hafa þýðingu hvort viðkomandi hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við fjölmiðil áður en efni var miðlað, enda hefur markmiði andsvarsréttarins, þá í reynd verið mætt, a.m.k. að einhverju leyti.

Auk framangreinds er ljóst af því sem rakið er í kafla III hér að framan að réttur til andsvara lýtur ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmiðlaveitu er þannig heimilt að synja beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting.

Líkt og áður greinir var krafa MÍV á þá leið að RÚV og fréttastjóri gæfu út skriflega afsökunarbeiðni sem og munnlega yfirlýsingu með leiðréttingum í Kastljósi og kvöldfréttum RÚV. Þá var þess krafist að öll umfjöllun um MÍV yrði tekin af heimasíðu RÚV ásamt umfjöllun Kveiks í heild sinni að því er varði MÍV. Ennfremur var þess krafist að Þóra Arnórsdóttir, ásamt Helga Seljan, gæfi út skriflega og munnlega afsökunarbeiðni gagnvart MÍV, eiganda fyrirtækisins og öðru starfsfólki, sem flutt yrði og birt í næsta þætti Kveiks. Í kvörtun MÍV til fjölmiðlanefndar er síðan vísað til nánar tilgreindra ummæla sem krafist er leiðréttingar á samkvæmt framangreindu.

Að því er varðar athugasemdir í 1. kvörtunarlið MÍV í tengslum við staðhæfingar um lengd starfstíma þeirra starfsmanna MÍV sem rætt var við í þættinum telur fjölmiðlanefnd í fyrsta lagi að ekki verði séð að umræddar staðhæfingar séu þess eðlis að í þeim hafi getað falist meiðandi ummæli í garð MÍV eða rangar staðreyndir sem nauðsynlegt sé að leiðrétta. Auk þess sem um er að ræða orð gegn orði varðandi það hvort viðkomandi starfsmenn hafi unnið við tilgreinda byggingarvinnu í nokkra daga eða nokkra mánuði, sem m.a. tengjast staðhæfingum



FJÖLMIÐLANEFND

viðmælenda Kveiks, verður vart séð að MÍV teljist hafa af því hagsmuni að meint rangfærsla verði leiðrétt. Í öðru lagi er það mat fjölmiðlanefndar að andsvar á borð við það sem MÍV vill koma á framfæri í þessu sambandi, einkum að því er varðar ætlaða ámælisverða háttsemi viðmælenda Kveiks og brot þeirra í starfi, kynni að fela í sér brot gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila, sbr. d-lið 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Var RÚV því rétt að synja beiðninni að þessu leyti.

Varðandi þær athugasemdir sem gerðar eru af hálfu MÍV í 2. kvörtunarlið, vegna umfjöllunar Kveiks um greiðslur vegna húsaleigu, bílaleigubíla og aðbúnaðar starfsmanna í húsnæði MÍV, telur fjölmiðlanefnd að kvartandi hafi ekki fært fullnægjandi rök fyrir því að um leiðréttingar á ótvíræðum staðreyndavillum hafi verið að ræða. Að því er varðar fullyrðingu Kveiks um að hver og einn starfsmaður borgi hátt í 80.000 kr. í húsaleigu á mánuði til starfsmannaleigunnar verður að mati nefndarinnar ekki annað séð en að umrædd fullyrðing eigi sér nokkra stoð í fyrirliggjandi gögnum, þ.e. annars vegar framburði starfsmanna fyrirtækisins og hins vegar auglýsingum kvartanda eftir starfsfólki í Rúmeníu, þar sem fram kemur að húsaleiga í húsnæði fyrirtækisins hér á landi sé á bilinu 63.000-91.000 kr. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur fjölmiðlanefnd að kvartandi hafi þannig ekki fært fullnægjandi rök fyrir því að um leiðréttingar á ótvíræðum staðreyndavillum hafi verið að ræða að því er þetta atriði snertir.

Varðandi fullyrðingu um að starfsmannaleigan leigi starfsmönnum bifreið sem þeir deili allt að níu saman og séu rukkaðir um 10.000 kr. fyrir telur fjölmiðlanefnd einnig, með vísan til fyrirliggjandi gagna, að athugasemdir MÍV feli ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum. Í því sambandi vísast annars vegar til þess að af gögnum málsins virðist mega ráða að þeir starfsmenn sem umfjöllun Kveiks hafi snúist um hafi í reynd greitt 10.000 kr. fyrir afnot af bílaleigubifreið og að fullyrðingin hafi þannig verið rétt. Hins vegar er til þess að líta að MÍV hefur að sínu leyti ekki fært fram gögn sem stutt geta athugasemdir félagsins að þessu leyti. Gegn staðhæfingum viðmælenda Kveiks verður RÚV ekki gert að birta andsvar þess efnis að fjöldi starfsmanna um hverja bifreið sé í einhverjum tilfellum sjö eða átta í stað níu í máli þessu.

Auk framangreinds gerir MÍV athugasemdir í 4. kvörtunarlið við umfjöllun Kveiks um sektir vegna reykinga starfsmanna. MÍV hefur hins vegar hvorki mótmælt þeirri staðhæfingu að starfsfólk hafi í reynd verið sektað um 15.000 kr. vegna reykinga í bifreiðum starfsmannaleigunnar né hefur félagið fært fram gögn hinu gagnstæða til stuðnings. Þá verður ekki dregin önnur ályktun af fullyrðingum félagsins, um að slíkt hafi aðeins gerst tvisvar í rekstrarsögu fyrirtækisins, en að þar með sé í reynd viðurkennt að fyrrgreind fullyrðing Kveiks sé sannleikanum samkvæm. Hið sama verður að leggja til grundvallar varðandi athugasemdir við umfjöllun um orlofsgreiðslur til starfsmanna í 6. kvörtunarlið, en af þeim gögnum sem RÚV hafði undir höndum, og lögð hafa verið fyrir fjölmiðlanefnd, verður ekki annað ráðið en



FJÖLMIÐLANEFND

að fullyrðingar viðkomandi starfsmanna þess efnis að greiðslur hafi verið lagðar inn á mismunandi orlofsreikninga milli mánaða, eigi við rök að styðjast, sbr. afrit tveggja fyrirbyggjandi launaseðla. Þá benda gögn málsins til þess að athugasemdir við umfjöllun um laun viðkomandi í 7. og 10. kvörtunarlið hafi verið sannleikanum samkvæm, en í þeim efnunm vísast annars vegar til fyrirbyggjandi launaseðla, þar sem umrædd krónutala kemur fram, og yfirlýsinga þeirra starfsmanna sem rætt var við í þættinum. Í öllu falli verður, í ljósi fyrirbyggjandi gagna, að gera ríkari kröfur til þess að sýnt sé fram á að rangt hafi verið farið með staðreyndir í umfjölluninni svo að réttur samkvæmt 36. gr. verði virkur. Hafa að mati fjölmiðlanefndar ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir því.

Verða næst teknir til skoðunar 8. og 10. töluliður í kvörtun MÍV. Í 8. tölulið kvörtunar MÍV er því haldið fram að eigandi Verkleigunnar hafi krafist þess að starfsmenn framkvæmdu ólögmeta gerninga. Þá er því haldið fram í 10. tölulið kvörtunar MÍV að tilteknir einstaklingar séu í mikilli áfengisneyslu, mæti illa til vinnu, hafi enga verkkunnáttu, séu illa liðnir o.fl. Með vísan til d-liðar 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlanefnd ekki gert fjölmiðlaveitu að birta andsvar sem fæli í sér slíkar ásakanir á hendur tilteknum einstaklingum, án þess að nokkuð liggi fyrir um þær ásakanir, enda kynni það að fela í sér brot gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila. Þá verður að öðru leyti ekki séð að slíkar ásakanir á hendur þriðja aðila séu meðal þess sem réttinum til andsvara er ætlað að ná til, nema að því marki sem þær teljast órjúfanlegur þáttur umfjöllunar um þau atriði sem hafa beinst að þeim sem rétturinn tekur til. Í ljósi þessa telur fjölmiðlanefnd að RÚV hafi verið heimilt að synja MÍV um að birta umrædda hluta 8. liðar og 10. liðar kvörtunarinnar. Jafnframt hefur MÍV að mati fjölmiðlanefndar ekki lagt fram gögn eða fullnægjandi rök fyrir því að núverandi eigendur MÍV hafi ekki getað talist til talsmanna og forsvarsmanna Verkleigunnar og hafi RÚV því verið heimilt, í ljósi þeirra gagna sem fjölmiðillinn hafði undir höndum, að synja MÍV um að birta slíkt andsvar, með vísan til b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Þegar fyrrgreindum kvörtunarliðum sleppir stendur eftir umfjöllun um ætlaða ofrukkun flugfargjalda, umdeild staðhæfing um að starfsmenn búi allt að sex saman í herbergi og ætlaðar rangfærslur Kveiks um að allir starfsmenn greiði um 7.000 krónur til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort óháð því hvort þeir nýti það. Að mati fjölmiðlanefndar verður ekki séð að umræddar staðhæfingar eigi líkt og þau atriði sem áður greinir skýra stoð í fyrirbyggjandi gögnum og má því a.m.k. halda fram að staðhæfingar í þættinum hvað þetta snertir séu umdeilanlegar. Hvað varðar 5. kvörtunarlið MÍV um umfjöllun um ætlaða ofrukkun flugfargjalda er þó til þess að líta að í þætti Kveiks var því ekki haldið fram með beinum hætti að starfsmenn væru ofrukkaðir fyrir flugfargjöld og var engu slíku slegið föstu af hálfu þáttastjórnanda. Einungis var tekið fram að starfsmenn „grunaði“ að MÍV ofrukkaði umrædd gjöld og virðist umfjöllunin þannig einungis hafa byggst á ummælum þeirra sem Kveikur ræddi við í aðdraganda sýningar þáttarins, án þess þó að nokkru hafi verið slegið föstu í þeim efnunm.



FJÖLMIÐLANEFND

Af því leiðir að mati nefndarinnar að færa má fyrir því rök að ekki sé um að ræða eiginlegar staðreyndir eða staðhæfingar sem séu annað hvort réttar eða rangar, heldur frásögn af ummælum starfsmanna fyrirtækisins sem byggð var á getgátum.

Hvað snertir staðhæfingu um að starfsmenn búi allt að sex saman í herbergi hefur MÍV haldið því fram að um 80% starfsmanna búi í einstaklings- eða tveggja manna herbergjum. Þrjú herbergi séu fjögurra manna og þar búi oftast vinahópar sem velji það sjálfir til þess að draga úr kostnaði. Kveikur hefur á hinn bóginn vísað til samtala við starfsmenn án þess að fyrirbyggjandi gögn styðji umrædda fullyrðingu að öllu leyti.

Að því er líkamsræktarkortin varðar liggja síðan fyrir afrit af samskiptum starfsmanns MÍV við fyrirtækið þar sem óskað er eftir endurnýjun áskriftarkorts í líkamsrækt til eins mánaðar. Styður þetta óneitanlega þá athugasemd MÍV að rangt sé að starfsmönnum sé gert að kaupa kort í líkamsrækt án tillits til notkunar þess. Á móti er af hálfu Kveiks vísað til þess að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum, sem rætt hafi verið við, þurfi þeir að óska sérstaklega eftir því að þiggja ekki tilboð um líkamsræktarkort þegar þeir hefji störf. Það að einhverjir starfsmenn hafi ákveðið að endurnýja tilboðið sé annað mál.

Í ljósi framangreinds verður fallist á það með MÍV að fyrrgreindar fullyrðingar um ætlaða ofrukkun flugfargjalda, að starfsmenn búi allt að sex saman í herbergi og að allir greiði þeir um 7.000 krónur fyrir líkamsræktarkort, óháð vilja til þess, hafi í reynd verið þess eðlis að andsvarsrétturinn hefði átt að virkjust þegar beiðni þar að lútandi kom fram. Á hinn bóginn verður ekki litið framhjá því að kröfur MÍV beindust gegn öllu umfjöllunarefni þáttarins í heild og í engu var gerður greinarmunur eða sýnt fram á muninn á annars vegar röngum staðhæfingum og hins vegar þeim sem áttu sér stoð í gögnum málsins. Þvert á móti var farið fram á að þátturinn í heild sinni yrði leiðréttur að því er MÍV snerti, hann yrði afmáður af vef RÚV og að atriði í kvörtun MÍV yrðu lesin í næsta þætti, fréttum RÚV og Kastljósi. Enda þótt fallast megi á að umfjöllun RÚV að því er þessi atriði varðar hafi verið framangreindu marki brennd telur fjölmiðlanefnd að RÚV hafi verið rétt að synja beiðninni á grundvelli a- og b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla, enda hafi í andsvarinu falist annað og meira en að leiðréttu staðreyndir og að það hafi farið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem nauðsynleg voru til leiðréttingar á staðreyndum. Í því sambandi er einnig litið til þess að flest þeirra ummæla sem vörðuðu MÍV voru komnar frá starfsmönnum félagsins, sem báru um það sem þeir höfðu upplifað af eigin raun, og virðast a.m.k. að mestu leyti hafa átt sér stoð í fyrirbyggjandi gögnum. Þá verður ekki framhjá því litið að MÍV var gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum áður en þátturinn var birtur 2. október 2018 og verður ekki annað ráðið af fyrirbyggjandi gögnum en að samskipti Kveiks og MÍV hafi verið nokkur við gerð hans. Þá var í þættinum birt athugasemd þar sem fullyrðingum um kjör starfsmanna var hafnað, því haldið fram að kjör



FJÖLMIÐLANEFND

þeirra væru önnur en fram kæmu á launaseðlum þeirra, tekið fram að þau væru að öllu leyti í samræmi við lög og því hafnað að uppsagnir þeirra væru vegna viðtals þeirra við Kveik.

Af framangreindu leiðir að krafa MÍV á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla fól í raun í sér mun meira en að leiðrétta augljósar staðreyndir. Væri slík almenn og yfirgripsmikil leiðrétting tekin til greina hefði það að mati fjölmiðlanefndar í för með sér hættu á að réttur til andsvara yrði misnotaður á þann hátt að aðilum sem sættu umfjöllun fjölmiðils væri í lófa lagið að kalla eftir viðbótarumfjöllun á grundvelli 36. gr. og koma þannig að almennum athugasemdum frá sinni hlið. Slíkt hefði veruleg íþyngjandi áhrif á starfsemi fjölmiðla og færi gegn þeirri forsendu ákvæðisins að því sé ekki ætlað að tryggja mönnum rétt til að koma almennum sjónarmiðum sínum á framfæri.

Er í því sambandi vísað til þess sem áður greinir um að rétti til andsvara sé einungis ætlað að tryggja að aðili fái leiðréttar rangar staðreyndir, en réttinum sé ekki ætlað að vernda rétt manna til þess að leita til fjölmiðlanefndar til þess að fá mælt fyrir um jákvæða skyldu fjölmiðla til að koma að almennum sjónarmiðum um hin ýmsu mál sem til umfjöllunar eru í fjölmiðlum. Rétt er þó að taka fram að það breytir ekki þeirri grundvallarreglu að fjölmiðlar leiti ólíkra sjónarmiða við umfjöllun sína og gefi þeim sem hallað er á í umfjöllun kost á að koma að sínum sjónarmiðum í viðkomandi dagskrárlíð.

Í ljósi framangreinds og að teknu tilliti til þess að meintar rangfærslur í þættinum voru, ef einhverjar, minniháttar er það mat nefndarinnar að eins og hér hátti til hafi RÚV verið heimilt að synja beiðni um andsvar á grundvelli 36. gr. laganna, sbr. a- b- og d. lið 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að RÚV hafi verið heimilt að synja beiðni MÍV um andsvar vegna umfjöllunar Kastljóss 4. október 2018, enda hafi ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir beiðni þar um, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna, auk þess sem í þættinum hafi ekki komið fram rangar staðreyndir sem unnt var að rekja beint til MÍV. Hafi þær athugasemdir sem fram hafi komið af hálfu MÍV vegna umfjöllunar í Kastljósi þannig ekki falið í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum og hafi RÚV því einnig verið rétt að synja MÍV um að miðla umbeðnu andsvari með vísan til b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Loks er það niðurstaða nefndarinnar að RÚV hafi verið heimilt að synja beiðni MÍV um andsvar vegna yfirlýsingar Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, á Vísi 3. október, þar sem ekki hafi verið færð rök fyrir beiðni þar um, sbr. skilyrði 1. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

V. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpinu ohf. var heimilt að synja beiðni Menn í vinnu ehf. um andsvar vegna umfjöllunar Kveiks 2. október, yfirlýsingar ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október og umfjöllunar Kastljóss 4. október 2018 á grundvelli a-, b- og d- liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Hulda Árnadóttir

Halldóra Þorsteinsdóttir

Birgir Guðmundsson